

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21. desember 1988

um fjórðu breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur

(88/667/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breytingar sem gerðar hafa verið á viðaukum við tilskipun 76/768/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/233/EBE ⁽⁵⁾, krefjast breytinga á ákvæðum áður nefndrar tilskipunar.

Að fenginni reynslu, eftir samþykkt tilskipunar 76/768/EBE, er sýnt að þörf er á að breyta ákvæðum um vörumerkingu og að fresturinn sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr. sé ónógur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/768/EBE :

1. Í stað 3. mgr. 1. gr. komi:

„3. Snyrtivörur sem innihalda efni sem talin eru upp í V. viðauka falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Aðildarríkin mega gera ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar varðandi þessar vörur.“

2. Í stað c- og d-liðar 4. gr. komi eftirfarandi:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 86, 1. 4. 1987, bls. 3.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 122, 9. 5. 1988, bls. 80 og ákvörðun frá 14. desember 1988 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 319, 30. 11. 1987, bls. 5.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 105, 26. 4. 1988, bls. 11.

„c) önnur litarefni en þau sem talin eru upp í 1. hluta IV. viðauka, þó ekki snyrtivörur sem innihalda litarefni sem eingöngu eru ætluð til hárlitunar;

d) litarefni sem talin eru upp í 1. hluta IV. viðauka, notuð við aðrar aðstæður en kveðið er á um, þó ekki snyrtivörur sem innihalda litarefni sem eingöngu eru ætluð til hárlitunar.“

3. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„ 5. gr:

Aðildarríkin skulu leyfa markaðssetningu snyrtivara sem innihalda:

a) efni sem talin eru upp í 2. hluta III. viðauka, innan þeirra marka og samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru, fram til þess dags sem tiltekinn er í dálki g í áður nefndum viðauka.

b) litarefni sem talin eru upp í 2. hluta IV. viðauka, innan þeirra marka og samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru, fram til þess dags sem tiltekinn er í áður nefndum viðauka;

c) rotvarnarefni sem talin eru upp í 2. hluta VI. viðauka, innan þeirra marka og samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru, fram til þess dags sem tiltekinn er í dálki f í áður nefndum viðauka. Sum þessara efna má þó nota í öðrum styrkleika í sérstökum tilgangi sem kemur berlega fram í kynningu vörunnar.

d) útfjólublá geislasúefni sem talin eru upp í 2. hluta VII. viðauka, innan þeirra marka og samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru, fram til þess dags sem tiltekinn er í dálki f í áður nefndum viðauka.

Frá og með þessum dögum verða þessi efni, litarefni, rotvarnarefni og útfjólublá geislasúefni:

— heimiluð endanlega eða

— bönnuð endanlega (II. viðauki) eða

— leyfð áfram í 2. hluta III., IV., VI. og VII. viðauka í tilgreint tímabil eða

— felld niður í öllum viðaukum, á grundvelli fyrirliggjandi vísindalegra upplýsinga eða vegna þess að þau eru ekki lengur notuð.“

4. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðeins sé leyft að markaðssetja snyrtivörur að á ílátum og umbúðum þeirra séu eftirfarandi upplýsingar með óafmáanlegu, auðlæsilegu og greinilegu lettri:

- a) nafn fyrirtækis og pósthfang eða skráð skrifstofa þess framleiðanda eða aðila sem ábyrgur er fyrir markaðssetningu snyrtivörunnar og staðfestu hefur innan bandalagsins. Slíkar upplýsingar má stytta svo framarlega sem auðskilið er við hvaða fyrirtæki er átt. Aðildarríkin geta krafist þess að upprunalandið sé tilgreint á vörum sem framleiddar eru utan bandalagsins.
- b) efnisinnihald við þökkun vörunnar, eftir vigt eða magni, nema innihaldið sé minna en 5 g eða 5 ml, ókeypissýni eða einnotaumbúðir; ekki er nauðsynlegt að gefa upp innihald forpakkaðrar vöru sem venjulega er seld í þakkingum sem innihalda fleiri en eitt eintak af vörunni þar sem upplýsingar um þyngd eða magn eru ekki mikilvægar, að því tilskildu að stykkjafjöldi sé tilgreindur á umbúðunum. Þessar upplýsingar eru óþarfar ef stykkjafjöldinn sést auðveldlega utan frá eða ef varan er venjulega aðeins seld í stykkjatali.
- c) dagsetning lágmarksgeymsluþols. Dagsetning sem segir til um lágmarksgeymsluþol er til og með þeim degi sem snyrtivaran, geymd við viðeigandi aðstæður, heldur áfram að þjóna sínum upphaflega tilgangi, einkum að hún sé í samræmi við 2. gr.

Dagsetning lágmarksgeymsluþols skal gefin til kynna með orðunum: „Best fyrir ...“ ásamt annaðhvort

— dagsetningunni sjálfri eða

— upplýsingum um hvar á umbúðunum hún sést.

Ef þurfa þykir skulu fylgja upplýsingar um skilyrði sem verður að fullnægja til að þess að geymsluþol það sem tilgreint er sé tryggt.

Dagsetningin skal merkt greinilega sem mánuður og ár, í þeirri röð. Ekki er skylda að tilgreina dagsetningu geymsluþols þeirra snyrtivara sem hafa meira en 30 mánaða lágmarksgeymsluþol.

d) sérstakar varúðarráðstafanir sem fara ber eftir við notkun, einkum þær sem taldar eru upp í dálkinum „Notkunarreglur og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann“ í III., IV., VI. og VII. viðauka, og verða að koma fram á ílátinu og umbúðunum og einnig allar sérstakar varúðarráðstafanir fyrir snyrtivörur notaðar af fagmönnum, einkum í hárgreiðslu. Ef því verður ekki við komið skulu notkunarreglurnar standa á fylgiseðli og skal útdráttur úr notkunareglunum standa á ílátinu og umbúðunum og vísað þar til notkunareglanna í heild.

e) númer framleiðslulotu eða framleiðslunúmer til að auðkenna vöruna. Ef það er ekki unnt vegna þess hve þakkingin er lítil nægir að þessar upplýsingar standi einungis á umbúðum þessara vara.

2. Aðildarríkin skulu samþykkja reglur vegna atriða sem um getur í fyrstu málsgrein, um snyrtivörur sem eru ekki að fullu innpakkaðar, vörur sem pakkaðar eru inn á sölustað að ósk kaupanda eða sem eru tilbúnar til afhendingar fullpakkaðar.

3. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í vörumerkingu, við sölu kynningu og auglýsingu snyrtivara sé ekki notað orðalag, heiti, merki, myndir og líkingar eða önnur tákn, sem gefa til kynna eiginleika sem þessar vörur hafa ekki.“

5. Í stað 2. mgr. 12. gr. komi:

„2. Framkvæmdastjórnin hefur samráð við hlutaðeigandi aðildarríki eins fljótt og kostur er og skilar síðan álitni án tafar og gerir viðeigandi ráðstafanir.“

6. 2. hluti III. viðauka verður að 1. hluta IV. viðauka.

7. 1. hluta IV. viðauka verður að 2. hluta III. viðauka.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá 1. janúar 1992 geti hvorki framleiðendur né innflytjendur sem staðfestu hafa innan bandalagsins markaðssett vörur sem uppfylla ekki kröfur um vörumerkingu sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé hægt að selja eða láta af

hendi við neytendur vörunar sem um getur í fyrstu máls-
grein, eftir 31. desember 1993.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og
stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar
en 31. desember 1989. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-
stjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni
berist ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-
efni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

V. PAPANDREOU

forseti.